

Innheimtumiðstöð rétthafa, IHM

Gagnsæisskýrsla vegna 2020

Upplýsingar um fjárhag félagsins, upplýsingar um reikningsskil og efnahagsreikningur félagsins er birtur í ársreikningi IHM 2020, sem er í viðauka við skýrslu þessa. Er einkum vísað til ársreikningsins um þau málefni. Þar sem efni ársreikningsins sleppir, eru neðangreindar útskýringar til frekari fyllingar, að teknu tilliti til áskilnaðar laga nr. 88/2019. Sameiginlega mynda skýrsla þessi og ársreikningur félagsins gagnsæisskýrslu sem ætlað er að uppfylla áskilnað laga nr. 88/2019.

1. Upplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu sem um getur í 23. gr. laga nr. 88/2019

Samkvæmt ákvæði 1. liðar viðauka við lög nr. 88/2019 skulu nánar tilgreindar upplýsingar koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu sem um getur í 23. gr. laganna. Að því leyti sem þær upplýsingar fást ekki ráðnar af ársreikningi félagsins er neðangreindum liðum þessa kafla ætla að upplýsa um þau atriði sem greinir í liðum a.-h. 1. liðar viðauka laganna. Umfjöllun í eftirtöldum liðum samsvarar sömu bókliðum í 1. tl. viðauka laganna.

a. Reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur fyrir fjárhagsárið 2020 og yfirlit um sjóðstreymi

Þær upplýsingar sem nefndar eru í lið 1.a. er að finna í ársreikningi félagsins fyrir árið 2020.

b. Skýrsla um aðgerðir á árinu 2020

Síðasti aðalfundur IHM var haldinn þann 30. júní 2020.

Aukafundur fulltrúaráðsins var haldinn 9. nóvember 2020

Alls voru átta stjórnarfundir haldnir á starfsárinu.

Á árinu var áfram unnið að samkomulagi um skiptingu fjármuna sem úthlutað hefur verið á grundvelli 11. gr. höfundalaga. Í þeim tilgangi var m.a. ráðist í gerð neyslukönnunar sem sýndi að mikil eintakagerð til einkanota fer fram á ári hverju.

Áfram var unnið að samkomulagi við rétthafa um gerð nýrrar verðskrár vegna endurvarps sjónvarpsrása og tengdra réttinda. Auk þess var unnið frekar að því að ná samkomulagi um nýtingu eldra efnis í sjónvarpi. Samkomulög við hlutaðeigandi lágu ekki fyrir við lok árs, en vinna að slíkum samningum heldur áfram.

Samþykktir IHM voru endurskoðaðar á árinu 2020 og breytt í þeim tilgangi að mæta áskilnaði laga, en frekari vinna mun fara fram til breytinga á samþykktum félagsins.

Félag leikskálda og handritshöfunda gerðist aðili að IHM á árinu, en aðildarsamtök félagsins eru þá orðin 11 talsins.

c. Upplýsingar um synjun leyfisveitingar á grundvelli 5. mgr. 26. gr. höfundalaga

Engar synjanir um leyfisveitingar á grundvelli 5. mgr. 26. gr. höfundalaga fóru fram á vegum IHM á árinu 2020.

d. Lýsing á rekstrarformi félagsins að lögum og stjórnunarháttum

IHM er félag, en aðildar njóta þeir aðilar sem uppfylla skilyrði samþykktu IHM. Skilyrði eru tíunduð þar, auk lýsingar á stjórnunarháttum félagsins. Vísast til efnis samþykktanna, eins og þær eru hverju sinni, en þær eru aðgengilegar hér: http://ihm.is/Um_IHM/Samthykkir/

e. Upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta

Engar einingar eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum félagsins.

f. Upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem um getur í ákvæði 1.f. í viðauka laga nr. 88/2019

Sú þóknun sem greidd er einstaklingum sem annast daglegan rekstur IHM, sem og stjórnarmeðlimum sem annast eftirlit, er tilgreind í ársreikningi félagsins, undir lið 5 í skýringum: „Laun á skrifstofu“ og „Laun stjórnar“.

g. Fjárhagsupplýsingar sem um getur í 2. lið viðauka laganna

Um þær upplýsingar vísast til umfjöllunar hér fyrir neðan.

h. Notkun fjárhæða sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu

Engum fjárhæðum er úthlutað eða koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu.

2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu, sbr. 2. liður

Samkvæmt ákvæði 2. liðar viðauka við lög nr. 88/2019 skulu nánar tilgreindar upplýsingar koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu. Að því leyti sem þær upplýsingar fást ekki ráðnar af ársreikningi félagsins er neðangreindum liðum þessa kafla ætla að upplýsa um þau atriði sem greinir í liðum a.-d. 2. liðar viðauka laganna. Umfjöllun í eftirtöldum liðum samsvarar sömu bókliðum í 2. tl. viðauka laganna.

a. Upplýsingar um tekjur af réttindum fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar

Í ársreikningi félagsins koma fram allar upplýsingar um þær tekjur sem félagið hefur af réttindum og/eða notkun réttinda.

b. Upplýsingar um kostnað við umsýslu réttinda og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum

Rekstrarkostnaður félagsins skiptist til helminga milli annars vegar rétthafa sem eiga réttindi á grundvelli 11. gr. höfundalaga og hins vegar rétthafa sem eiga réttindi tengd endurvarpi sjónvarpsrása, sem og tengd réttindi. Kostnaður sem fellur til sérstaklega vegna réttindagæslu annars rétthafahópsins er sérstaklega tilgreindur og dreginn frá réttindagreiðslum til þess rétthafahóps. Á árinu 2020 nam sérstakur kostnaður sem dreginn var af rétthöfum vegna innheimtu og sérfræðiþjónustu vegna endurvarpsréttinda alls kr. 2.591.251. Þá nam annar beinn kostnaður vegna þeirra réttinda alls kr. 928.401, en sá kostnaður er til kominn vegna starfa endurskoðenda, skýrslugerðar og útreikninga á útstandandi kröfum.

Sundurliðun slíkra fjárhæða, að öðru leyti sem og tilgreiningu á kostnaðarliðum sem hafa verið greiddir með þeim fjármunum á árinu 2020, er að finna í ársreikningi félagsins.

c. Upplýsingar um réttindagreiðslur til rétthafa með ítarlegri lýsingu

Úthlutunum og greiðslum til rétthafa á árinu 2020 er lýst með ítarlegum hætti í ársreikningi félagsins. Vísast til hans um aðrar upplýsingar en fram koma hér.

Greiðslur til rétthafa fara almennt fram árlega, nema annað sé ákveðið á fulltrúaráðsfundum.

Greiðslur til svokallaðra „annarra aðildarféлага“ IHM, sem fara fram vegna réttinda á endurvarpi sjónvarpsútsendinga, sbr. bls. 8 í ársreikningi, hafa átt sér stað að hluta til. Vonir standa til að klára úthlutun til allra rétthafa í þessum hópi á árinu. Um er að ræða 20% hlutdeild í hreinum tekjum af endurvarpstekjum, en eftirtalin aðildarfélög deila með sér þeim hlut:

SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), Myndstef og Félag leikskálda og handritshöfunda.

Í lok árs 2020 nam óráðstafað fé til ofangreindra og erlendra aðila vegna endurvarps sjónvarpsútsendinga alls kr. 77.552.420.

Ástæða þess að fénu hefur ekki verið ráðstafað er sú að ágreiningur er milli rétthafa um hlutdeild hvers og eins.

Í lok árs 2020 nam óráðstafað fé vegna eintakagerðar til einkanota alls kr. 237.504.880, innheimt á árunum 2018-2020. Ástæða þess að fénu hefur ekki verið ráðstafað er sú að ágreiningur er milli rétthafa um hlutdeild hvers og eins.

Í lok árs 2020 nam ógreiddu fé sem þó var búið að ráðstafa vegna eintakagerðar til einkanota kr. 8.549.142, vegna árána 2018-2020, en fjármunir þeir eru eign Blaðamannafélags Íslands, sem hafði neitað að veita fjármuninum viðtöku sökum ágreinings um hlutdeild félagsins.

Engar fjárhæðir eru óráðstafanlegar, enda er búið við því að ágreiningur um hlutdeild rétthafa í ofangreindum réttindagreiðslum leysist fljótlega.

d. Upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir

Félagið hefur mótttekið eftirfarandi greiðslur frá erlendum sameiginlegum umsýslustofnunum, alls að upphæð kr. 37.508.636, sem sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Skýring		NORWACO	Copy Dan	Copy Swede	Uppsöfnuð staða
	2013	7,112,021			7,112,021
	2014	237,439			7,349,460
	2015	949,747			8,299,207
	2016				8,299,207
	2016	1,307,986			9,607,193
	2017		240,100		9,847,293
	2017	3,691,920	0		13,539,213
v eintakagerð	2018	1,325,373			14,864,586
v kapall	2018			3,024,811	17,889,397
v eintakagerð	2018			1,982,579	19,871,976

